

Umhverfisstofnun Áb. EKG APP
26 OKT. 2007 03.1
Tilv. UST20071000123

Alþingi - Umhverfisnefnd
Margrét María Grétarsdóttir,
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. október 2007
Tilvísun: UST20071000123/káb

Varðar: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til fjárlaga 2008 eins og það fellur undir málefnasvið nefndarinnar.

Afgreiðsla Umhverfisstofnunar á tillögu til frumvarps til fjárlaga 2008 var með óhefðbundnu sniði í ár. Ástæða þess er stjórnsluúttekt sem fór fram á starfsemi Umhverfisstofnunar á vegum Ríkisendurskoðanda haustið 2006. Í skýrslunni kom m.a. fram að umhverfissráðuneyti og Umhverfisstofnun þurfi að skilgreina sameiginlega sýn ráðuneytis og stofnunar hvað varðar hlutverk, fjármál og starfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. forgangsröðun verkefna, fjárför og starfsmannapörf. Í ljósi þessa var það niðurstaða þáv. forstjóra Umhverfisstofnunar að vinna ítarlega greiningu á nýjum eða auknum verkefnum sem Umhverfisstofnun teldi nauðsynlegt að væru unnin miðað við lagalegar skyldur og alþjóðlegar skuldbindingar sem stofnuninni hafa verið falin með löggjöf, reglusetningu eða tilmælum ráðuneytisins. Hér var um ítarlega greiningu að ræða sem skilar sér að hluta inn í frv. til fjárlaga enda tók umhverfissráðuneytið að einhverju leyti mið af þessari greiningu við fjárlagagerð fyrir árið 2008.

Varðandi þær fjárlagatillögur sem er að finna í frv. til fjárlaga og varða Umhverfisstofnun telur stofnunin ástæðu til þess að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Rekstur Surtseyjarstofu.

Í frv. til fjárlaga 2007 er boðað að 15 mkr. verði úthlutað til reksturs Surtseyjarstofu árið 2008. Skv. kostnaðaráætlun Umhverfisstofnunar er það lágmarksupphæð fyrir rekstur slíkrar stofu. Í frv. til fjárlaga 2008 er hins vegar lagt til að 12 mkr. verði úthlutað í þetta verkefni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessi upphæð verði að lágmarki 15 mkr.

2. Sértekjur.

Í frv. til fjárlaga segir: "... rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið að nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 50 mkr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður." Umhverfisstofnun vill halda því til haga í þessu bréfi að umhverfisráðuneytið hefur upplýst stofnunina um að hér sé ekki rétt með farið og tillagan á að hljóða upp á lækkun sértekna um 50 mkr. en ekki hækkun, enda færast helstu tekjulindir hennar, þ.e. þjóðgarðarnir að Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli til nýrrar stofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðar, um áramótin.

Undirrituð vekja ennfremur athygli á eftirfarandi liðum sem er ekki að finna í frv. til fjárlaga:


1. Uppbygging gestastofu í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi (Hellissandi)

Stefnt er að því að opna gestastofu þjóðgarðsins á Snæfellsnesi á Hellissandi á 10 ára afmæli þjóðgarðsins árið 2011. Áætlað hafði verið að 50 mkr. árleg fjárveiting í fjögur ár kæmi til stofnunarinnar vegna þessa. Umhverfisstofnun bendir á að tillögu um þetta er ekki að finna í frv. til fjárlaga.


2. Rekstur og framkvæmdir á friðlýstum svæðum.

Ein af þeim fjárlagatillögum sem Umhverfisstofnun sendi frá sér til umhverfisráðuneytis var ósk um aukið fjármagn til þess að styrkja rekstur og framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Óskað var eftir 25 mkr. til þess að styrkja landvörslu á þessum svæðum og viðhalda og endurnýja stíga og mannvirki á þessum svæðum. Aukinn ferðamannastraumur hefur aukið álag á náttúru Íslands en því miður hafa fjárhæðir ekki aukist í samræmi við það. Umhverfisstofnun telur afar brýnt að þessi liður verði styrktur.

Virðingarfyllt



Elly Katrín Guðmundsdóttir
forstjóri



Atli Þór Þorvaldsson
fjármálastjóri